



LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1047  
komudagur 11.3.2005

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2005

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um skyldu-  
tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 143. mál.**

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um breytingar á lögum um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 143. mál, stjórnir, starfsmenn við eignastýringu o.fl.

Landssamtök lífeyrissjóða vilja í upphafi vísa í fyrri umsögn um málið til nefndarinnar, dags. 9. júní á síðasta ári, og árétta þá skoðun samtakanna að þau telja frumvarpið að verulegu leyti byggt á misskilningi, þar sem m.a. er verið að rugla saman starfsemi fjármálafyrirtækja annars vegar og lífeyrissjóða hins vegar. Þá er í frumvarpinu þrengt verulega að starfsemi lífeyrissjóðanna og langt umfram það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar.

Þessu til staðfestingar er vitnað í meðfylgjandi skýrslu Tryggva Þórs Herbertssonar, hagfræðings, um skipan stjórna lífeyrissjóða í nágrannalöndum, þ.á.m. á öllum Norðurlöndunum og þar sem m.a. er fjallað um hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða o.fl., þar sem segir: (**Feltletrun LL**):

“Stjórnun lífeyrissjóða virðist í meginatriðum vera líkt háttáð í þeim löndum sem hér eru skoðuð. Ef um opna sjóði er að ræða virðist meginreglan vera svipuð þeirri sem hér tíðkast, þ.e. að vörsluaðili og sjóðfélagar skipi stjórn, oftast til helminga, og eru fulltrúar sjóðfélaga kosnir á aðalfundi. Fyrirtækjasjóðir á borð við þá sem þekkjast í flestum löndunum nema á Íslandi eru skipaðir fulltrúum fyrirtækis og fulltrúum starfsmanna og fer val fulltrúa launþega yfirleitt fram á aðalfundi. Lokaðir sjóðir, líkt og eru meginregla hér á Íslandi, eru nær alltaf skipaðir fulltrúum launþega og fulltrúum atvinnurekenda til helminga.

Ef um starfsgreinasjóði er að ræða velur verkalýðsfélag yfirleitt fulltrúa launþega í stjórnina og heildarsamtök atvinnurekenda hina stjórnarmennina. Þó er til dæmis heimilt í Finnlandi að velja fulltrúa starfsmanna í lífeyrisstofnun í opinni kosningu. Það fyrirkomulag sem tíðkast á Íslandi við val stjórnarmanna virðist því ekki vera frábrugðið því sem almennt gerist í Evrópu. Þetta er

athyglisvert í því ljósi að nokkur gagnrýni hefur komið fram á fyrirkomulag það sem haft er um val í stjórnir lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði og því haldið fram að eðlilegra sé að velja stjórnir á almennum opnum fundum sjóðfélaga. Slík aðferð við val í stjórnir starfsgreinasjóða virðist hins vegar heyra til undantekninga í viðmiðunarlöndunum.

Svipaðar reglur virðast gilda um hæfi stjórnarmanna í öllum löndunum. Yfirleitt er ekki farið fram á neina sérþekkingu, en þó eru til dæmis í Hollandi dæmi um að samanlögð þekking stjórnar þurfi að vera nokkuð yfirgripsmikil og getur eftirlitsaðili stöðvað skipun stjórnar ef honum sýnist hún ekki vera næg. Í öllum löndunum er farið fram á að stjórnarmenn séu ráðvandir og hafi ekki verið dæmdir fyrir brot sem snúa að rekstri. **Reglur á Íslandi um hæfi stjórnarmanna virðast vera mjög í takt við það sem almennt gerist í Evrópu.**


Mismunandi er hvaða reglur gilda um lengd kjörtímabils stjórnar. Í flestum löndunum er kjörtímabil þrjú ár eða lengra, en þó þekkjast eins árs kjörtímabil, til dæmis í Svíþjóð. **Hvergi gilda neinar reglur um hve stjórnarmaður getur setið mörg kjörtímabil.**

**Almennt virðast reglur um stjórn íslensku lífeyrissjóðanna vera mjög áþekkar því sem gerist í nágrannalöndum okkar í Evrópu.**“

Auk fyrrgreindrar skýrslu Tryggva Þórs Herbertssonar um stjórnun lífeyrissjóða vilja Landssamtök lífeyrissjóða senda nefndarmönnum eftirfarandi gögn til frekari upplýsinga: a) *Leiðbeinandi verklagsreglur Landssamtaka lífeyrissjóða um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóða, stjórnar hans og starfsmanna. Útg. 15. febrúar 2002.* b) *Leiðbeiningar um efni starfsreglna stjórna lífeyrissjóða samkvæmt lögum nr. 129/1997. Útg. Febrúar 2001.*

Að lokum vilja Landssamtök lífeyrissjóða undirstrika þá skoðun sína að þau eru andsnúin þessu frumvarpi. Ákvæði þess eru bæði óljós og óþörf, verið er að rugla saman starfsemi lífeyrissjóða og verðbréfafyrirtækja, og ýmsar tillögur eru í engu samræmi við þá stjórnarhætti, sem almennt gilda um lífeyrissjóði í Evrópu.

Virðingarfyllst,  
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



---

# Stjórnun lífeyrissjóða

---

Skýrsla til Landssamtaka lífeyrissjóða

Apríl 2004

Tryggvi Þór Herbertsson

# 1. Inngangur

Á undanförunum misserum hafa átt sér stað umræður í fjölmiðlum og víðar um það hvernig menn eru valdir í stjórnir íslensku lífeyrissjóðanna og hvort núverandi stjórnskipulag íslensku sjóðanna sé séríslenskt fyrirbæri eða eigi sér fyrirmynd í nágrannalöndunum. Til að reyna að varpa ljósi á þessi atriði var ákveðið að taka saman eftirfarandi skýrslu um skipan stjórna lífeyrissjóða fyrir Landssamtök lífeyrissjóða. Í skýrslunni er farið yfir fyrirkomulag stjórna lífeyrissjóða í nokkrum löndum, auk þess sem lítillega er fjallað um hvaða vandamál mismunandi skipulag stjórna skapar.

Meginhlutverk lífeyrissjóða, sem byggjast á sjóðsöfnun, er að taka við greiðslum frá einstaklingum og fyrirtækjum, ávaxta greiðslurnar, halda réttindabókhald og greiða út eftirlaun, örorkubætur, makalífeyri og barnalífeyri – allt eftir því sem við á. Til að inna þessar skyldur af hendi þarf að taka margvíslegar ákvarðanir innan laga, reglna og samþykktá sem um lífeyrissjóði gilda á hverjum tíma. Þessar ákvarðanir taka stjórnir lífeyrissjóða, annaðhvort beint eða óbeint, með því að framselja vald til aðila sem til þess eru valdir, svo sem framkvæmdastjóra, sjóðstjóra eða tryggingafræðinga, eða jafnvel til verðbréfafyrirtækja eða banka sem geta séð um fjárfestingar og rekstur. Endanleg ábyrgð hvílir þó ávallt hjá stjórn lífeyrissjóðsins. Þetta virðist í fljótu bragði vera nokkuð einfalt verk, en þegar hugað er betur að þeim grunni sem ákvarðanir stjórna byggjast á blasir við að aðgangur að fullnægjandi upplýsingum er lykilforsenda þess að hægt sé að leysa starfið vel af hendi – upplýsingum sem oft eru flóknar eða liggja ekki fyrir. Af þessum ástæðum eru ákvarðanir oftast háðar mati á framtíðarþróun og slíku mati fylgir ávallt áhætta.

Í meginatriðum er um tvenns konar áhættu að ræða, fjárfestingaráhættu og lýðfræðilega áhættu. Fjárfestingaráhættan felst í ákvörðunum um eignakaup, en þróun eignaverðs er mikilli óvissu undirorpin eins og alkunna er. Lýðfræðileg áhætta stafar hins vegar af því að ekki liggja fyrir óbyggjandi upplýsingar um það hvernig dánar-, örorku- og fæðingartíðni muni þróast í framtíðinni. Stjórnir lífeyrissjóða þurfa því að hafa allgóða sýn yfir hvaða áhætta fylgir hverri ákvörðun.

Í ljósi þess sem að framan er lýst verða löggjafar- og framkvæmdavaldið að spyrja sig eftirfarandi grundvallarspurningar: Hvernig stjórnskipulag er best til að tryggja hagsmuni

sjóðfélaga? Til að tryggja hagsmuni sjóðfélaga ættu lög, reglugerðir og samþykktir að ná til ákvarðana sem teknar eru innan ramma lífeyrissjóða á þann hátt að sjóðfélagar hafi úrræði til að fylgjast með stjórn sjóðanna. Gott reglugerðarverk tryggir gagnsæi og að ábyrgð allra sem koma nálægt stjórn sjóðanna sé skýrt afmörkuð, auk þess sem skilgreina þarf lágmarkskröfur til stjórnenda. Samþykktir verða einnig að skilgreina hvað felst í innra eftirliti, hvernig samskiptum við sjóðfélaga skuli háttað og hvernig tekið skuli á umkvörtunum sjóðfélaga og úrbætur afgreiddar.

Lokaðir sjóðir eru skilgreindir sem lífeyrissjóðir sem tilheyra ákveðnum starfsgreinum og eru almennt ekki opnir fyrir starfsmenn sem starfa í öðrum greinum. Starfsgreinasjóðirnir íslensku flokkast sem lokaðir sjóðir þar sem einstaklingur úr starfsgrein sem ekki stendur að sjóðnum er útilokaður frá þátttöku í honum. Þannig getur fiskvinnslufólk ekki verið í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og ríkisstarfsmenn ekki í Lífeyrissjóði verslunarmanna, svo dæmi sé tekið. Opnir sjóðir eru hins vegar sjóðir sem taka við framlögum óháð starfsstétt viðkomandi.

Mikil munur er á stöðu sjóðfélaga eftir því hvort sjóðirnir eru opnir eða lokaðir. Í lokuðum sjóðum geta sjóðfélagar í fæstum tilfellum fært sig í annan sjóð ef óánægja er með rekstur sjóðsins nema ef skipt er um starf — iðgjöld sem greidd hafa verið eru læst í sjóðnum. Í opnum eða frjálsum sjóðum er hins vegar hægðarleikur að flytja uppsöfnuð iðgjöld í annan sjóð þó oftast sé einhver kostnaður því samfara — sjóðfélagar geta kosið með fótunum. Annar munur á opnum og lokuðum sjóðum er sá að lokuðu sjóðirnir ættu að búa við minni kostnað. Þetta stafar af því að lokuðu sjóðirnir hafa skylduáðild sem tryggir þeim jöfn og stöðug iðgjöld, en opnu sjóðirnir þurfa oft að leggja í dýrt markaðsstarf til að laða til sín nýja félag. Í lokuðu sjóðunum ríkir fulltrúalýðræði. Viðkomandi stéttarfélag og atvinnurekendur skipa yfirleitt hvor sinn helming stjórnar en í opnum sjóðum skipa sjóðfélagar yfirleitt minni hluta stjórnar í opinni kosningu og rekstraraðili meiri hluta með tilnefningu.

Í víðum skilningi er stjórnskipulag lífeyrissjóða safn skráðra reglna, hvort heldur sem þær eru settar af stjórn sjóðsins, löggjafar- eða framkvæmdavaldinu, sem miða að því að tryggja hagsmuni sjóðfélaga. Í fullkomnum heimi myndu þessi lög og reglur tryggja að allir sem kæmu nærri ákvörðunum á vegum sjóðsins hefðu hvata til að breyta ávallt með hagsmuni sjóðfélaga í huga og tryggja þeim þannig hámarkslífeyri á eftirlaunaárunum. Heimurinn er því

miður ekki fullkominn og eitt algengasta vandamál lífeyrissjóða er svokallaður umboðsvandi, en hann skapast þegar þeir sem eiga réttindi í sjóðum eru ekki hinir sömu og stjórna þeim. Þessir hagsmunaaðrekstrar geta á stundum haft áhrif á áhættustýringu sjóða sem aftur getur bitnað á ávöxtun þeirra. Ein hætta sem er sameiginleg öllum tegundum sjóða er röng meðferð fjármuna og jafnvel sviksamlegt hátterni framkvæmdastjóra, umsjónaraðila eða stjórnarmanna. Þetta getur til dæmis komið fram á þann hátt að stjórnandi eða umsjónaraðili taki fé *ad láni* úr sjóði eða víki einfaldlega eignum undan. Frægasta dæmið um þetta í seinni tíð var þegar Robert Maxwell heitinn notaði (lokaða) lífeyrissjóði fyrirtækja sinna til að þrýsta hlutabréfaverði upp í gjaldþrota fyrirtækjum sínum. Önnur hætta sem steðjar að lífeyrissjóðum er að stjórnendur þeirra noti trúnaðarupplýsingar til að stunda innherjaviðskipti. Dæmi um þetta væri ef stjórnarmaður myndi selja hlutabréf sín í tilteknu félagi á grundvelli upplýsinga sem hann öðlaðist vegna starfa sinna fyrir lífeyrissjóð.

Umboðsvandi getur einnig tekið á sig almennara form sem birtist í því að ekki er leitast við að hámarka árangur lífeyrissjóðs. Þetta gæti til dæmis gerst ef stjórn samsett atvinnurekendum og fulltrúum verkalýðsfélaga tæki ákvörðun um að kaupa hluti í hlutafélögum sem ættu í verulegum og langvarandi rekstrarerfiðleikum. Verkalýðsarmurinn gerði það þá til að tryggja félagsmönnum vinnu, en atvinnurekandinn til að forða félagi innan vébanda sinna frá gjaldþroti. Þetta kæmi tvímælalaust niður á árangri sjóðsins og eftirlaunum sjóðfélaga í framtíðinni og lýsir umboðsvandanum í hnotskurn. Þegar kemur að frjálsu sjóðunum gæti vandamálið birst þannig að rekstraraðilar lífeyrissjóðs, til dæmis verðbréfafyrirtæki eða banki, gæti notað fjármuni sjóðsins til að kaupa bréf sem á einhvern hátt væru rekstraraðila þóknanleg. Sem betur fer eru vandamál eins og lýst hefur verið hér fátíð á Íslandi. Undanfarin ár hefur allt regluverk, upplýsingaskylda og eftirlit verið styrkt mjög og erfitt er að sjá fyrir sér að alvarleg vandamál geti komið upp, þótt eflaust geti orðið hnökrar í framtíðinni. Til að varpa ljósi á hvernig stjórn lífeyrissjóða er almennt háttað í nágrannalöndum okkar er í öðrum kafla skýrslunnar fjallað um fyrirkomulagið í nokkrum Evrópulöndum. Í þriðja og síðasta kaflanum er fyrirkomulagið á Íslandi borið saman við það sem algengast er í samanburðarlöndunum. Til að auðvelda enn samanburð eru í viðauka við skýrsluna bornir saman á samræmdan hátt nokkrir þættir sem einkenna stjórnun lífeyrissjóða í löndunum sem til skoðunar eru.

Upplýsingar sem birtar eru í skýrslunni eru fengnar frá landssamtökum lífeyrissjóða í viðkomandi löndum, auk þess sem stuðst var við fjölrítið: *Pension Fund Governance* eftir Annamaria Marossy og Juan Yermo hjá OECD.

Reykjavík í apríl 2004

---

Lýggi Þ. Hensertsson

## 2. Fyrirkomulag stjórna í ýmsum löndum

Til að fá sem besta sýn yfir hvernig stjórnun lífeyrissjóða er almennt háttað í nágrannalöndunum er hér lýst stuttlega stjórnarfyrirkomulaginu í Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Írlandi, Noregi og Svíþjóð auk Íslands. Upphaflega var ætlunin að rekja einnig fyrirkomulagið í Frakklandi en fljótlega var horfið frá því þar sem lífeyrissjóðir líkir þeim sem Íslendingar þekkja fyrirfinnast ekki þar. Er það talið stafa af þrem meginástæðum: 1) Almannatryggingarstoð franska lífeyriskerfisins, sem byggist á gegnumstreymisfyrirkomulagi, greiðir ríflegar bætur til eftirlaunaþega; 2) Fremur er hvatt til almenns sparnaðar en viðbótarlífeyrissparnaðar og 3) Skattlagning gerir það að verkum að óhagkvæmt er fyrir hátekjufólk að nýta sér viðbótarlífeyrissparnað. Auk þess sem fjallað er um hvert land fyrir sig er í lok skýrslunnar birt yfirlitstafla þar sem borið er saman á staðlaðan hátt fyrirkomulag og tegund sjóða í löndunum átta, auk þess sem fyrirkomulag stjórna og kosning þeirra er rakin. Þá er í töflunni fjallað um kröfur til stjórnarmanna, val þeirra og lengd kjörtímabila.

### *Bretland*

Um þessar mundir stendur yfir endurskoðun á reglum þeim er gilda um stjórnir lífeyrissjóða í Bretlandi. Er það hluti af vinnu sem miðar að því að einfalda lög um starfsgreinalífeyrissjóði. Gert er ráð fyrir að þessari vinnu verði lokið árið 2005. Umfjöllunin hér miðast við núgildandi reglur.

Í Bretlandi verða lokaðir lífeyrissjóðir að vera í fjárvörslu (e. *trust form*). Engin takmörk eru á fjölda sjóðfélaga og fjárvörslumenn (e. *trustee*) sjá um ráðstöfun eigna með það eitt að markmiði að tryggja hag sjóðfélaga. Í bresku lífeyrisslökkjöföfinni er tiltekið að að lágmarki skuli 1/3 hluti fjárhaldsmanna vera skipaður af sjóðfélögum. Sjóðir með yfir hundrað meðlimi skulu hafa að lágmarki tvo sjóðfélaga í stjórn en minni sjóðir skulu hafa einn. Aðrir stjórnarmenn koma venjulega frá atvinnurekanda, þeim félögum sem greiða í sjóðinn eða þeim félögum sem sestir eru í helgan stein. Einstaklingur sem dæmdur hefur verið fyrir svik eða lýstur gjaldþrota má ekki verða fjárhaldsmaður lífeyrissjóðs. Tryggingafræðingur og endurskoðandi sjóðs mega ekki sitja í stjórn hans. Kjörtímabil nær til að lágmarki þriggja ára en að hámarki sex. Engin takmörk eru á fjölda kjörtímabila sem fjárhaldsmaður getur setið. Kröfur eru gerðar



um að fjárhaldsmenn sem valdir eru af sjóðfélögum séu sjálfir félagar í viðkomandi lífeyrissjóði.

Fjárhaldsmenn eru ábyrgir fyrir öllum gjörðum sjóðsins. Þeir bera ábyrgð á fjárfestingarstefnu hans, en eignastýring verður að fara fram af löggildum aðila. Fjárhaldsmenn geta þó sótt um að sjá um eignastjórn, en algengast er að vista eignastýringuna utan sjóðsins. Fjárhaldsmenn skulu tryggja að framkvæmdastjóri sé starfi sínu vaxinn og sé fær um að fylgja fjárfestingarstefnu eftir fyrir þeirra hönd. Þeir skulu einnig skipa endurskoðanda og tryggingastærðfræðing.

Í löggjöf um lífeyrissjóði frá 1995 eru ýmsar aukakvaðir settar á fjárhaldsmenn, svo sem:

- Að réttur lífeyrir sé greiddur réttum eftirlaunaþega.
- Að halda til haga nákvæmum gögnum um sjóðfélaga, bæði núverandi og fyrrverandi.
- Að endurskoðaðir reikningar séu ávallt til staðar.
- Að ráðum tryggingastærðfræðinga sé hlítt.
- Að iðgjöld standi undir skuldbindingum.
- Að stjórnin þiggi ráð fagmanna.
- Að sjóðfélagar séu upplýstir um sjóðinn og réttindi sín.

Á meðal gagna sem stjórnin þarf að framvísa til eftirlitsaðila, eða til sjóðfélaga ef þeir æskja þess, er yfirlýsing um fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstefnan er grunnur að fjárfestingum sjóðsins og samsetningu eignasafns hans. Í fjárfestingarstefnu skulu tiltekin (ef við á) félagsleg, umhverfisleg eða siðferðileg markmið sem miða skal við í fjárfestingum. Þá skal í fjárfestingarstefnu tilgreind stefna (ef einhver er) varðandi réttindi sem fjárfestingu fylgja, svo sem atkvæðisréttur í tilfelli hlutabréfaeignar. Þá skulu fjárhaldsmenn senda ársskýrslu og upplýsingar um ávöxtun til sjóðfélaga ef um er að ræða sjóði sem byggjast á skilyrtum inngreiðslum (e. *DC-plan*).

Ábyrgð tryggingastærðfræðinga og endurskoðenda er einnig tilgreind í lögum um lífeyrissjóði frá 1995. Tryggingafræðingar skulu árlega ganga úr skugga um að farið hafi verið að lögum um meðhöndlun iðgjalda og eftirlauna og athuga reglulega hvort sjóðurinn stendur undir

skuldbindingum sínum. Endurskoðendur skulu endurskoða reikninga sjóðsins og skila skýrslu með niðurstöðum af þeirri skoðun til stjórnar. Bæði tryggingafræðingar og endurskoðendur skulu gera eftirlitsaðila viðvart skriflega ef eitthvað óeðlilegt kemur fram við skoðun þeirra. Þá skulu þeir tilkynna eftirlitsaðila ef þeir hætta störfum fyrir sjóð.

Fjárhaldsmenn bera ábyrgð á gjörðum sínum, en ekki er farið fram á að þeir séu tryggðir fyrir mistökum þó oft sé það gert. Sjóðfélagar geta snúið sér til umboðsmanns lífeyrismála, embættis sem sett var á laggirnar með löggjöfinni frá 1995, til að greiða úr málum sínum. Í tilfalli svindls eða misnotkunar fjármuna skulu sjóðfélagar snúa sér til dómstóla.

#### *Danmörk*

Í Danmörku eru lífeyrissjóðir settir upp sem stofnanir með sjóðstjórn líkt og á Íslandi, með þann eina tilgang að sjá sjóðfélögum fyrir eftirlaunum og skyldum bótum. Víðtækt samkomulag innan heilla starfsgreina er algengt og lífeyrissjóðir eru því tengdir verkalýðsfélögum. Fyrirtækjasjóðir finnast einnig en þeir verða að hafa að lágmarki fimmtíu félagsmenn.

Bæði hefðbundnir lífeyrissjóðir og fyrirtækjasjóðir skulu hafa sjóðstjórn og aðalfund sem allir sjóðfélagar hafa aðgang að. Starfsgreinalífeyrissjóðir skulu einnig hafa framkvæmdastjóra. Löggjöfin um fyrirtækjasjóðina kveður á um að sjóðstjórnin breyti með hagsmuni sjóðfélaga í fyrirrúmi, þ.e. að skipulag og stjórn sjóðanna sé viðeigandi, og að fjárfestingar séu félögum til hagsbóta. Sjóðstjórnin ákvarðar fjárfestingar og ber endanlega ábyrgð á stjórn sjóðsins. Stjórnin skal stemma af eignir og skuldbindingar, en hún þarf hvorki að samþykkja formlega fjárfestingarstefnu né standa skil á slíkri stefnu til þriðja aðila. Stjórnin þarf einnig að halda utan um breytingar á félagatali og standa skil á nauðsynlegum upplýsingum um sjóðinn. Upplýsa skal sjóðfélaga árlega um hve mikil iðgjöld þeir hafa greitt og um bónusa sem þeir hafa fengið. Mikilvægar ákvarðanir eru teknar með meiri hluta á aðalfundi.

Sjóðstjórnir í starfsgreinasjóðum skulu hafa þrjá stjórnarmenn hið minnsta, en ekkert lágmark er í fyrirtækjasjóðunum. Helmingur stjórnarmanna skal vera valinn af sjóðfélögum. Lög sjóðanna kveða á um hvernig fulltrúar sjóðfélaga skuli valdir. Engar reglur gilda um stjórnarlaun.

Stjórnarmenn skulu vera orðnir 18 ára, mega ekki hafa framið saknæmt athæfi sem heft gæti þá í starfi og verða að hafa viðeigandi þekkingu á málefnum lífeyrissjóða. Reglur um skilyrði sem sjóðstjórar eða fjárhaldsmenn þurfa að uppfylla eru tilgreindar í lögum sjóðanna sjálfra. Stjórnir lífeyrissjóða skulu ráða sér tryggingafræðing sem viðurkenndur er af danska fjármálaeftirlitinu.

Frá 1. júlí 1995 hefur stórum lífeyrissjóðum verið gert skylt að hafa innri endurskoðanda sem svarar beint til stjórna þeirra. Endurskoðendur lífeyrissjóða hafa sömu völd og sama hlutverk og endurskoðendur tryggingafélaga og eru þeir kosnir á aðalfundi sjóðsins.

### *Finnland*

Lífeyrissjóðir eru í meginráttum þrenns konar í Finnlandi og eru þeir kallaðir lífeyrisstofnanir (e. *pensions foundations*). Í fyrsta lagi er um að ræða svokallaðar B-stofnanir, en þær sjá um eftirlaun sem kveðið er á um í lögum um lífeyri til handa starfsmönnum (TEL-sjóðir). Í öðru lagi er um að ræða AB-stofnanir, en þær ná bæði yfir viðbótarlífeyrissparnað (A-deild) og lögbundinn lífeyri (B-deild). Í þriðja lagi eru A-stofnanir sem taka eingöngu við viðbótarlífeyrissparnaði.

Lífeyrisstofnunum er stjórnað að lágmarki af fimm manna stjórn og eru engar sérstakar kröfur um hæfi gerðar til þeirra. Líklegt er þó að fagkröfur til stjórnarmanna verði auknar í framtíðinni. Sjóðfélagar velja ekki færri en tvo stjórnarmenn, annaðhvort með atkvæðagreiðslu á aðalfundi eða með vali heildarsamtaka sjóðfélaga. Atvinnurekendur velja aðra í stjórn. Kjörtímabil stjórnar er fjögur ár og eru engin takmörk sett á fjölda kjörtímabila sem hver stjórnarmaður getur þjónað. Aðalmarkmið stjórnar er tvíþætt. Annars vegar að ákvarða fjárfestingar og hins vegar að ákvarða eftirlaun og aðrar bætur. Lífeyrisstofnun skal hafa framkvæmdastjóra sem skipaður er af stjórn. Lífeyrisstofnun þarf að hafa tvo endurskoðendur og skal a.m.k. annar þeirra vera valinn af meðlimum stofnunarinnar. Þá skal stofnunin hafa yfir tryggingafræðingi að ráða.

Í Finnlandi starfa einnig lífeyrissjóðir og ná sumir þeirra til heilla iðngreina. Stjórn sjóðanna skal að lágmarki vera skipuð þrem mönnum. Atvinnurekendur velja helming stjórnar og

aðalfundur sjóðfélaga kýs hinn helminginn. Að öðru leyti er fyrirkomulag lífeyrissjóðanna svipað og lífeyrisstofnananna.

### *Holland*

Starfsgreinalífeyrissjóðir eru algengir í Hollandi þó litlir fyrirtækjasjóðir þekkist einnig. Líkt og á Íslandi skipa samtök launamanna, verkalyðsfélög og samtök atvinnurekenda stjórnir lífeyrissjóðanna til helminga. Stjórnarmenn í fyrirtækjasjóðum eru að jafnaði skipaðir af atvinnurekendum og launþegum til helminga, en starfsmenn geta þó skipað meiri hluta. Fjöldi stjórnarmanna er ekki bundinn í lög, en algengt er að stjórnarmenn í starfsgreinasjóðunum séu átta. Lengd kjörtímabila er ekki fastsett en algengt er að þau séu fjögur ár. Ekki eru takmörk á fjölda tímabila sem stjórnarmenn mega sitja. Stjórnarmenn þurfa að uppfylla kröfur sem eftirlitsaðili setur um þekkingu á:

- Rekstri stofnana.
- Viðkomandi lögum og reglum.
- Mismunandi fyrirkomulagi lífeyrismála.
- Fjármálum og tryggingafræði.
- Fjárfestingum.
- Stjórnun og bókhaldi.
- Samskiptum.

Hver og einn stjórnarmaður þarf ekki að hafa yfir allri þessari þekkingu að ráða, en hún þarf að vera til staðar innan hverrar stjórnar. Þótt einstakir stjórnarmenn hafi ekki tiltekna þekkingu bera þeir ábyrgð á öllum málaflokkum til jafns við aðra stjórnarmenn. Stjórnarmenn þurfa að fylla út spurningaeyðublað varðandi þekkingu og skila til eftirlitsaðila og ef hann telur samanlagða fagþekkingu stjórnar ekki fullnægjandi getur hann stöðvað skipun stjórnar eða einstakra stjórnarmanna. Eftirlitsaðili gengur úr skugga um ráðvendni stjórnarmanna með því að skoða sakarvottorð.

Stjórn ræður sér tryggingafræðing og endurskoðanda nema ef eftirlaun eru tryggð af utanaðkomandi aðila. Endurskoðandi skilar skýrslu til eftirlitsaðila árlega þar sem fram kemur rekstrar- og efnahagsreikningur, fjárfestingar og arður af þeim. Sjóðir sem ekki tryggja

eftirlaun hjá þriðja aðila þurfa einnig að skila tryggingafræðilegri skýrslu samþykktri af tryggingafræðingi. Stjórnin þarf einnig að veita sjóðfélögum upplýsingar um réttindi sín ásamt yfirliti um stöðu sjóðsins.

### *Írland*

Líkt og í Bretlandi verða lokaðir lífeyrissjóðir á Írlandi að vera í fjárvörslu. Fyrirkomulag er mismunandi milli sjóða, en almennt gildir að sjóðunum er stjórnað af viðkomandi fyrirtæki og/eða hópi einstaklinga. Ef um er að ræða fjárvörslu hóps einstaklinga eru þeir valdir beint af fyrirtækinu úr hópi stjórnenda eða utanaðkomandi fagmanna, til dæmis lögfræðinga, endurskoðenda eða tryggingafræðinga, og af sjóðfélögum. Ef fjárvarslan er í höndum fyrirtækisins getur skipanin til dæmis verið þannig að:

- Fyrirtækið sjái sjálf um fjárvörsluna (algengt þegar um litla sjóði er að ræða).
- Fyrirtækið feli sérhæfðu fyrirtæki rekstur sjóðs.

Lögin um írsku lífeyrissjóði kveða á um að sjóðfélagar geti kosið allt að helming fjárvörslumanna. Fjöldi fjárhaldsmanna er ekki tiltekinn í lögunum, en sjö er algeng tala — þrjú fulltrúar sjóðfélaga, þrjú fulltrúar atvinnurekanda og formaður. Kjörtímabilið er sex ár og engin takmörk eru á fjölda kjörtímabila. Fjárhaldsaðila er gert að skipa tryggingafræðing og endurskoðanda.

### *Noregur*

Starfsgreinasjóðir þekkjast ekki í Noregi heldur er um að ræða fyrirtækjasjóði. Sjóðirnir eru óháðir bæði verkalýðsfélögum og samtökum atvinnurekenda. Ef sjóður er í umsjá líftryggingafyrirtækis skal hann hafa a.m.k. þriggja manna ráðgjafarráð og þar af skal a.m.k. einn stjórnarmanna annaðhvort þiggja eftirlaun frá sjóðnum eða greiða í hann. Ef sjóðurinn er hins vegar rekinn sem sjálfstæð eining skal auk ráðgjafarráðs kjósa stjórn sem að lágmarki er skipuð tveimur sjóðfélögum og tveimur fulltrúum fyrirtækis. Hér er hugsanlegt að verkalýðsfélag geti komið að málum, en þess fyrir utan hafa þau lítið að segja um þessa sjóði þar sem engir samningar gilda almennt milli þeirra og atvinnurekenda um lífeyrismál í Noregi. Formaður stjórnar getur verið valinn af sjóðfélögum, stjórn eða fyrirtæki. Engin sérstök

hæfnisskilyrði gilda um stjórnarmenn. Stjórn lífeyrissjóðs er gert að skipa sjóðnum tryggingafræðing og endurskoðanda.

Um þessar mundir stendur yfir endurskoðun á norska lífeyriskerfinu og verður tillögum þar að lútandi skilað til þingsins 15. desember 2003. Líklegt er að lífeyrissjóðir í Noregi muni í framtíðinni byggjast meira á skilyrtum inngreiðslum og hugsanlegt er að starfsgreinasjóðir muni myndast og spurningin um fyrirkomulag stjórna verða meira aðkallandi í Noregi en nú er.

### *Svíþjóð*

Samkvæmt sænskum lögum geta lífeyrissjóðir tekið á sig tvenns konar lögform, tryggingasamtök (s. *försäkringsförening*) og lífeyrisstofnun (s. *pensionsstiftelse*). Meginmunurinn liggur í því að tryggingasamtökin tryggja lífeyri, en lífeyrisstofnunin tryggir eftirlaun þau er fyrirtækið hefur lofað að greiða í framtíðinni. Sænska fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með tryggingasamtökunum, sveitarfélög með lífeyrisstofnunum. Atvinnurekendur og launþegar skipta með sér stjórn lífeyrissjóðanna. Formaður stjórnar er stundum óháður fylkingunum tveim, en í öðrum tilfellum er formennskan til skiptis hjá hagsmunaaðilunum. Fjöldi stjórnarmanna er mismunandi, en þeir eru sjaldnast færri en átta og oftast eru þeir kosnir til eins árs þótt lengri kjörtímabil þekkist. Ekki eru nein takmörk á fjölda kjörtímabila sem stjórnarmaður getur setið og ekki eru gerðar neinar sérstakar kröfur til stjórnarmanna. Undanfarin ár hefur fjármálaeftirlitið þó beðið stjórnarmenn að skila inn skýrslu sem tilgreinir reynslu, menntun o.fl.

Skyldur stjórnar, aðrar en að stjórn skuli tryggja að staðið sé við lífeyriskuldbindingar, eru ekki tilgreindar sérstaklega. Stjórn hefur eftirlit með rekstri sjóðanna, aðallega fjárfestingum, og að farið sé að lögum. Atvinnurekendur eru skyldugir til að sjá sjóðunum fyrir endurskoðanda. Ekki er farið fram á tryggingafræðilegar úttektir, en atvinnurekanda er gert skylt að sjá til þess að eignir nægi fyrir kuldbindingum.

### 3. Niðurstaða

Stjórnun lífeyrissjóða virðist í meginatriðum vera líkt háttað í þeim löndum sem hér eru skoðuð. Ef um opna sjóði er að ræða virðist meginreglan vera svipuð þeirri sem hér tíðkast, þ.e. að vörsluaðili og sjóðfélagar skipi stjórn, oftast til helminga, og eru fulltrúar sjóðfélaga kosnir á aðalfundi. Fyrirtækjasjóðir á borð við þá sem þekkjast í flestum löndunum nema á Íslandi eru skipaðir fulltrúum fyrirtækis og fulltrúum starfsmanna og fer val fulltrúa launþega yfirleitt fram á aðalfundi. Lokaðir sjóðir, líkt og eru meginregla hér á Íslandi, eru nær alltaf skipaðir fulltrúum launþega og fulltrúum atvinnurekenda til helminga.

Ef um starfsgreinasjóði er að ræða velur verkalýðsfélag yfirleitt fulltrúa launþega í stjórnina og heildarsamtök atvinnurekenda hina stjórnarmennina. Þó er til dæmis heimilt í Finnlandi að velja fulltrúa starfsmanna í lífeyrisstofnun í opinni kosningu. Það fyrirkomulag sem tíðkast á Íslandi við val stjórnarmanna virðist því ekki vera frábrugðið því sem almennt gerist í Evrópu. Þetta er athyglisvert í því ljósi að nokkur gagnrýni hefur komið fram á fyrirkomulag það sem haft er um val í stjórnir lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði og því haldið fram að eðlilegra sé að velja stjórnir á almennum opnum fundum sjóðfélaga. Slík aðferð við val í stjórnir starfsgreinasjóða virðist hins vegar heyra til undantekninga í viðmiðunarlöndunum.

Svipaðar reglur virðast gilda um hæfi stjórnarmanna í öllum löndunum. Yfirleitt er ekki farið fram á neina sérþekkingu, en þó eru til dæmis í Hollandi dæmi um að samanlögð þekking stjórnar þurfi að vera nokkuð yfirgripsmikil og getur eftirlitsaðili stöðvað skipun stjórnar ef honum sýnist hún ekki vera næg. Í öllum löndunum er farið fram á að stjórnarmenn séu ráðvandar og hafi ekki verið dæmdir fyrir brot sem snúa að rekstri. Reglur á Íslandi um hæfi stjórnarmanna virðast vera mjög í takt við það sem almennt gerist í Evrópu.

Mismunandi er hvaða reglur gilda um lengd kjörtímabils stjórnar. Í flestum löndunum er kjörtímabil þrjú ár eða lengra, en þó þekkjast eins árs kjörtímabil, til dæmis í Svíþjóð. Hvergi gilda neinar reglur um hve stjórnarmaður getur setið mörg kjörtímabil.

Almennt virðast reglur um stjórn íslensku lífeyrissjóðanna vera mjög áþekkar því sem gerist í nágrannalöndum okkar í Evrópu.

Land	Tegund sjóða	Fyrirkomulag	Stjórnarmenn	Kröfur til stjórnarmanna	Val stjórnar
Bretland	Lokaðir	Fjárvarsla	Að lágmarki 1/3 fjárhaldsmanna skipaður af meðlimum. Engin takmörk á fjölda.	Engar sérstakar kröfur, en líklegt að breytingar verði þar á 2005.	Kosning nær til að lágmarki 3 ára en að hámarki 6 ára. Engin takmörk eru á fjölda kjörtímabila.
Danmörk	Lokaðir	Sjóðstjórn	Að lágmarki 3 stjórnarmenn í starfsgreinasjóðum. Ekkert lágmark er í fyrirtækjasjóðum.	Stjórnarmenn skulu vera orðnir 18 ára, mega ekki hafa framið saknæmt afbrot sem gæti heft þá í starfi og verða að hafa viðeigandi þekkingu á málefnum.	Lög sjóðanna kveða á um hvernig fulltrúar sjóðfélaga skuli valdir.
Finnland	Lokaðir	Sjóðstjórn	Í starfsgreinasjóðum velja atvinnurekendur helming stjórnar en hinn helmingurinn er valinn á opnum fundi af sjóðfélögum. Að lágmarki 6 stjórnarmenn.	Engar sérstakar kröfur eru gerðar til stjórnarmanna.	Kjörtímabil er 4 ár. Engin takmörk á fjölda kjörtímabila.



Land	Tegund sjóða	Fyrirkomulag	Stjórnarmenn	Kröfur til stjórnarmanna	Val stjórnar
Holland	Lokaðir	Sjóðstjórn	Stjórn verður að hafa fulltrúa skipaða til helminga af atvinnurekendum og launþegasamtökum. Í fyrirtækjasjóðum er helmingur stjórnar að lágmarki skipaður starfsmönnum, en að hámarki er helmingur frá fyrirtæki.	Engar sérstakar kröfur eru á einstaka stjórnarmenn, nema hreint sakarvottorð, en eftirlitsaðili gerir kröfu til þess að sameiginleg þekking stjórnar spanni nokkuð vítt svið. Jafnframt getur eftirlitsaðili hafnað skipun ef hann telur stjórnarmann eða menn ekki búa yfir nægri þekkingu.	Kjörtímabil stjórnar er oftast 4 ár og er engin takmörkun á fjölda kjörtímabila.
Írland	Lokaðir	Fjárvarsla (einstaklinga eða fyrirtækja)	Félagar í starfsgreinasjóði eiga rétt á að kjósa jafnmarga stjórnarmenn og atvinnurekandi.	Engar sérstakar hæfis-kröfur eru gerðar til stjórnarmanna.	Kjörtímabil stjórnar er 6 ár og engin takmörkun er á fjölda kjörtímabila

Land	Tegund sjóða	Fyrirkomulag	Stjórnarmenn	Kröfur til stjórnarmanna	Val stjórnar
Ísland	Lokaðir/opnir	Sjóðstjórn, framkvæmdastjóri/ Vörslufyrirtæki	Lokaðir sjóðir: Verkalýðsfélög og félög atvinnurekenda skipta til helminga með sér stjórnarsætum.  Opnir sjóðir: Félagar kjósa sér stjórn á opnum fundi.	Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri verða að: -vera lögráða, -hafa óflekkað mannorð, -hafa ekki brotið af sér sl. 5 ár, -vera búsettir á EES- svæðinu, -búa yfir nægilegri menntun og þekkingu.	Kjörtímabil stjórna er 2 til 4 ár og engin takmörk eru á fjölda tímabila sem stjórnarmaður getur setið í stjórn að öðru leyti en því að SA hefur sett þá vinnureglu að enginn geti verið lengur í stjórn en 6 ár samfelldt sem aðalmaður í stjórn sama lífeyrissjóðs.
Noregur	Lokaðir (fyrirtækjasjóðir)	Sjóðstjórn, framkvæmdastjóri	Stjórnin verður að vera skipuð að lágmarki 4 mönnum og þar af minnst 2 mönnum sem kosnir eru af launþegum.	Engar sérstakar kröfur eru gerðar til stjórnarmanna.	Kjörtímabil er 3 ár og engin takmörkun er á fjölda kjörtímabila.

Land	Tegund sjóða	Fyrirkomulag	Stjórnarmenn	Kröfur til stjórnarmanna	Val stjórnar
Svíþjóð	Lokaðir	Sjóðstjórn, eftirlitsaðili	Stjórn skipar til helminga fulltrúa atvinnurekenda og launþega.	Engar sérstakar kröfur eru gerðar til stjórnarmanna. Eftirlitsaðilar hafa þó undanfarin ár beðið tryggingasamtök um skýrslu um reynslu stjórnarmanna.	Oftast eru stjórnir kjörnar til eins árs í senn þó lengri tímabil þekkist. Engin takmörk eru á fjölda kjörtímabila.

**Leiðbeiningar  
um efni starfsreglna stjórnna  
lífeyrissjóða samkvæmt lögum  
nr. 129/1997.**

Landssamtök lífeyrissjóða  
Febrúar 2001

# Leiðbeiningar um efni starfsreglna stjórnar lífeyrissjóða samkvæmt lögum nr. 129/1997.

## Inngangur

Í 6. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er m.a. fjallað um ársfund, hlutverk og ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Í 29. grein er kveðið á um skyldur stjórnar og verkefni en sambærilegt ákvæði er í lögum um verðbréfasjóði, lögum um verðbréfavíðskipti og lögum um víðskiptabanka og sparissjóði.

Í 1. mgr. 29. gr. er fjallað um hlutverk og skyldur stjórnarmanna til almenns eftirlits með starfsemi lífeyrissjóðsins og skal það m.a. felast í því að fylgjast með að starfsemi sé í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins og að hafa eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Í síðasta málslíð 1. mgr. er kveðið á um að það falli undir verkefni stjórnar að setja sér starfsreglur og gera tillögur til breytinga á samþykktum, sem lagðar skulu vera fyrir ársfund.

Í 2. mgr. 29. gr. eru síðan talin upp veigamestu verkefni sem stjórnin skal annast en ekki er þar um tæmandi upptalningu að ræða.

Starfsreglur stjórnar lífeyrissjóða hljóta að mestu að vera sniðnar eftir ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þannig geta starfsreglunar orðið eins konar gátlisti fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóðanna. Í stað þess að þurfa að fara yfir allan lagabálkinn um lífeyrissjóðina, eru ákvæðin um skyldur og ábyrgð stjórnarmanna dregnar saman í eina greinargerð, þó ekki þurfi að vera um tæmandi upptalningu að ræða.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða ákvað á fundi sínum, 27. febrúar 2001, að gefa út meðfylgjandi leiðbeiningar um efni starfsreglna fyrir stjórnir lífeyrissjóða. Var bæði stuðst við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, svo og við sambærilegar vinnureglur fjölmargra lífeyrissjóða.

Tilgangurinn með þessari útgáfu er að auðvelda stjórnarmönnum samningu slíkra reglna. Vinnureglur einstakra lífeyrissjóða geta samkvæmt eðli máls bæði verið styttri eða lengri en hér er lagt til. Skáletraður texti er ætlaður til frekari útskýringar á þeim atriðum sem fjallað er um. Starfsreglur stjórnar lífeyrissjóða eru ekki háðar staðfestingu Fjármálaeftirlitsins.

Reykjavík, 27. febrúar 2001  
Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða

## **1. gr. Starfsemi.**

- 1.1. Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samþykktu sjóðsins.  
*Ef lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt sérlögum er sjálfsagt að greina frá því.*
- 1.2. Starfsemi sjóðsins skal lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Sjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til þess að ná þessum tilgangi.  
*Ákvæði þessi eru í samæmi við 1. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.*
- 1.3. Stjórnarmenn skulu haga störfum sínum í einu og öllu með hagsmuni sjóðsins að leiðarljósi.

## **2. gr. Skipan stjórnar.**

- 2.1. Stjórn sjóðsins skipa x menn skipaðir til x ára í senn, sbr. x. gr. í samþykktum sjóðsins.  
*Í 27. gr., 5. tölulið laga nr. 129/1997 eru m.a. ákvæði þess efnis að skylt sé að setja í samþykktir lífeyrissjóða ákvæði um fjölda stjórnarmanna og varamanna þeirra, kjörtímabil þessara aðila, svo og hvernig vali þeirra skuli háttað.*

## **3. gr. Skipting starfa innan stjórnar.**

- 3.1. Stjórn sjóðsins skal koma saman að loknum ársfundum og skipta með sér verkum.  
*Nokkuð misjafn er hvernig stjórnarmenn eru valdið en algengast er þó að stjórnarmenn eru tilnefndir sem fulltrúar atvinnurekenda og þeirra verkalýðsfélaga sem að viðkomandi lífeyrissjóði standa. Í þeim tilvikum hafa fulltrúar atvinnurekenda og launþega á hendi formennsku og varaformennsku til skiptis í tiltekinn tíma. Að öðrum kosti er algengast að stjórnin skiptir með sér verkum.*

## **4. gr. Verksvið stjórnar.**

*Flest ákvæði þessarar greinar er að finna í 29. grein laga nr. 129/1997, þar sem kveðið er á um skyldur stjórnna og verkefni. Ákvæði þessarar lagagreinar eru því einna veigamest í lífeyrissjóðalögum, þegar kemur að því að fjalla um verksvið stjórnar.*

- 4.1. Stjórn fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og skal sjá um að skipulag sjóðsins og starfsemi séu jafnan í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur sem gilda um sjóðinn.
- 4.2. Stjórn skal sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Í þessu sambandi skal stjórnin kveða á um skipulag sjóðsins, hvernig innra eftirliti skuli háttað svo og bókhaldi og reikningsskilum.

- 4.3. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör, gengur frá starfslýsingu hans, setur honum erindisbréf og veitir honum laun frá störfum. Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur við framkvæmdastjóra. Stjórn getur falið formanni og varaformanni stjórnar að annast samninga við framkvæmdastjóra um laun og önnur starfskjör.
- 4.4. Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála. Öll skjöl sem varða meiriháttar ákvarðanir, svo sem samningar er teljast óvenjulegir eða meiriháttar eða hafa greinilega verulega þýðingu fyrir starfsemi sjóðsins skulu vera undirritaðir af stjórnarformanni sjóðsins og framkvæmdastjóra.
- 4.5. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans. Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins. Stjórnin sér um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins og er henni skylt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum, sem bestu eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins. Stjórnin skal sjá til þess að skipting á eignasafni sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.
- 4.6. Í skýrslu stjórnar fyrir ársfund skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagsstöðu sjóðsins.
- 4.7. Stjórnin skal árlega láta framkvæma tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins og meta framtíðarstöðu hans. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er stjórninni tafarlaust skylt að gera tillögur un nauðsynlegar breytingar á samþykktum hans. Sama gildir ef munur samkvæmt athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meira en 5% samfelld í fimm ár.
- Hér eru undirstrikuð ákvæði 24. gr. og 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldur stjórnar að láta árlega fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag viðkomandi lífeyrissjóðs.*

## 5. gr. Fyrirsvor stjórnar.

- 5.1. Formaður stjórnar er málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni sjóðsins nema stjórnin ákveði annað. Einnig kemur framkvæmdastjóri fram út á við fyrir hönd sjóðsins í samræmi við hefðir og eðli máls.
- 5.2. Stjórn lífeyrissjóðs ákveður hver skal fara með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í. Stjórnin ákveður hver skuli vera fulltrúi af hálfu sjóðsins í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis, nema lög kveði á um annað.
- Hvort, hvenær og hver fer með atkvæðisrétt lífeyrissjóða á hluthafafundum er væntanlega misjafn milli sjóða. Sjálfsagt er hins vegar að setja niður þær reglur eða hefðir sem almenn gilda hjá sjóðunum. Seinni málsliðurinn er í samræmi við 5. tölulið 29. gr. laga nr. 129/1997.*

5.3. Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart framkvæmdastjóra.

#### **6. gr. Boðun funda o.fl.**

6.1. Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir x í mánuði. Auk þess skal halda stjórnarfund, ef formaður stjórnar eða framkvæmdastjóri telja slíkt nauðsynlegt. Stjórnarfundir skulu haldnir á skrifstofu sjóðsins. Í sérstökum tilvikum má halda fundi annars staðar telji formaður efni fundarins eða aðrar aðstæður gefa tilefni til.

*Eðlilegt er að hafa það sem fasta aðalreglu að halda stjórnarfundum í starfstöð viðkomandi lífeyrissjóðs.*

6.2. Í lok hvers stjórnarfundar skal að jafnaði tekin ákvörðun um hvenær næsti stjórnarfundur skuli haldinn.

*Hjá sumum lífeyrissjóðum tíðkast að stjórnarfundir eru ákveðnir fyrirfram yfir starfsárið, oflast einu sinni í mánuði nema yfir sumartímann.*

6.3. Stjórnarformanni ber að kalla saman stjórnarfund ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess.

6.4. Til stjórnarfundar skal boða með minnst x daga fyrirvara. Stjórnarformaður getur þó ákveðið annan frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna.

6.5. Fundarboð skal að jafnaði vera skriflegt og skal í því greina dagskrá. Leggja skal fram á hverjum stjórnarfundum upplýsingar um helstu þætti í starfsemi sjóðsins frá síðasta stjórnarfundum. Ávallt skal leggja fram skýrslu um kaup og sölu verðbréfa. Senda skal einnig þau gögn sem tilbúin eru og taka á fyrir á stjórnarfundum. Fundarboð má senda stjórnarmönnum með rafrænum hætti eða með símbréfi. Sérstökum trúnaðargögnum sem stjórnarmenn fá í hendur til umfjöllunar á stjórnarfundum skal skilað í lok fundarins nema stjórnarformaður ákveði annað.

6.6. Stjórnarmaður sem ekki kemst á boðaðan stjórnarfund skal tilkynna það tímanlega til framkvæmdastjóra sem sér um að boða varamann.

*Nokkuð misjafn er milli sjóða hvort og hvernig varamenn eru boðaðir á stjórnarfundum. Þá tíðkast það líka sums staðar að haldnir eru sameiginlegir fundir aðal- og vararstjórnar, sérstaklega þegar verið er að ræða mikilvæg málefni, s.s. tryggingafræðilega athugun og undirbúningur ársfundar.*

#### **7. gr. Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.**

7.1. Stjórn er ákvörðunarþær þegar meirihluti stjórnar sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við þessar starfsreglur. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur.

7.2. Formaður stjórnar stýrir stjórnarfundum.



- 7.3. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á stjórnarfundum í öllum málum.
- 7.4. Óski stjórnarmaður eftir frestun afgreiðslu máls til næsta fundar skal orðið við slíkri beiðni enda bjóði brýnir hagsmunir sjóðsins ekki annað.
- 7.5. Stjórnarmaður er eingöngu bundinn af sannfæringu sinni, en ekki fyrirmælum þeirra sem hafa kosið hann.
- 7.6. Stjórnarmenn skulu snúa sér til stjórnarformanns eða framkvæmdastjóra með óskir um að tekin verði á dagskrá stjórnarfundu einstök mál.

#### **8. gr. Fundargerðir og fundargerðarbók.**

- 8.1. Formaður stjórnar skal sjá um að haldin sé gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar. Fundargerðir skulu sendar út eftir stjórnarfundum til allra stjórnarmanna og þeirra varamanna sem setið hafa viðkomandi fund.
- 8.2. Í fundargerðarbók skal skrá eftirfarandi
  - a) Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
  - b) Hverjir sitja fundinn og hver stýrir honum og hver ritar fundargerð..
  - c) Dagskráatriði, stutta lýsingu á dagskrárliðum og gögnum fundarins.
  - d) Ákvarðanir sem teknar eru og atkvæðagreiðslur, ef til þeirra kemur.
  - e) Upphaf og lok fundartíma.
  - f) Hvenær næsti stjórnarfundur verður haldinn.
- 8.3. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðarbókina.
- 8.4. Í upphafi stjórnarfundar skal fundargerð næsta stjórnarfundar á undan borin upp til samþykktar.
- 8.5. Fundargerðir skulu undirritaðar af stjórnarmönnum. Fundargerðir sem færðar hafa verið inn í fundargerðarbók teljast full sönnun þess sem gerst hefur á stjórnarfundum.

#### **9. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda.**

- 9.1. Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni sjóðsins, starfsmanna, sjóðfélaga, lífeyrisþega og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu

sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli máls eða ákvörðun stjórnarinnar. Stjórnarmaður er ábyrgur fyrir því að gögn, sem hann hefur tekið við og fara skuli leynt, komist ekki í hendur annarra aðila. Þagnarskylda helst þó stjórnarmaður láti af starfi.

*Ákvæði um þagnarskyldu er að finna í 33. gr. laga nr. 129/1997.*

#### **10. gr. Vanhæfi.**

- 10.1. Stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð mála sem varða sjóðinn og þá persónulega. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik.
- 10.2. Stjórnarmaður skal tilkynna stjórninni fyrirfram ef aðstæður eru fyrir hendi í máli sem valda vanhæfni eða gætu gefið tilefni til efasemda um hæfi hans. Stjórnin tekur í kjölfarið ákvörðun um hvort viðkomandi stjórnarmaður skuli víkja sæti á meðan á meðferð málsins stendur. Stjórnarmaðurinn sem efasemdir um hæfi varðar tekur ekki þátt í umræðu eða ákvörðun þar um.
- 10.3. Stjórnarmenn mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar af aflu ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlíðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

*Ákvæðin um vanhæfni eru byggð á stjórnsýslulögum. Í 31. gr. laga nr. 129/1997 segir að um hæfi stjórnarmanns lífeyrissjóðs fari eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga.*

#### **11. gr. Frekari reglur um störf stjórnar.**

- 11.1. Stjórnarmenn skulu kynna sér og vera bundnir af ákvæðum laga, samþykktum sjóðsins, almennum reglum verðbréfamarkaðarins og sérstökum reglum sjóðsins um meðferð trúnaðarupplýsinga og innherjaviðskipti.
- 11.2. Um ábyrgð, vald og störf stjórnar sjóðsins fer að öðru leyti en greinir í starfsreglum þessum samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, samþykktum sjóðsins og öðrum almennum lögum og reglum sem við eiga á starfssviði sjóðsins.

*Hjá sumum, lífeyrissjóðum gilda sérlög og er sjálfsagt að geta þeirra í þessari grein.*

#### **12. gr. Breytingar á starfsreglum stjórnar.**

- 12.1. Einungis stjórn sjóðsins getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á reglunum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar.

#### **13. gr. Meðferð starfsreglna.**

- 13.1. Þeir sem sæti eiga í stjórn sjóðsins við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita frumrit reglnanna. Ef stjórnin samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum. Nýjum stjórnarmönnum skulu kynntar starfsreglurnar og skulu þeir undirrita frumrit þeirra því til staðfestingar.

13.2. Stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og endurskoðanda sjóðsins skal afhent eintak af starfsreglum sjóðsins sem í gildi eru á hverjum tíma.

*Hér gæti líka komið til álita að að fela innri endurskoðanda eða framkvæmastjóra að kynna reglurnar fyrir nýjum stjórnarmönnum og að þeir staðfesti skriflega að þeir háfl kynnt sér þær.*

**Framangreindar starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs Xxxxx eru settar samkvæmt ákvæðum 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.**

**Þannig samþykkt á stjórnarfundi sjóðsins hinn xx.xxx 200x.**

## Fylgiskjal I

*Úr lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem fjallað er um ábyrgð, skyldur og hlutverk stjórnarmanna lífeyrissjóða:*

### 24. grein.

Hér er kveðið á um skyldu stjórnar til þess að láta fara fram tryggingafræðilega úttekt á lífeyrissjóðnum á hverju ári. Athuguninni er ætlað að taka bæði til tryggingafræðilegra og fjárhagslegra forsendna.

### 29. grein.

Í þessari grein er kveðið á um skyldur stjórnar og verkefni. Ákvæði þessarar greinar um starfskyldur stjórnar eru því mjög mikilvæg.

Í 1. mgr. er kveðið á um hlutverk og skyldur stjórnarmanna til almenns eftirlits með starfsemi lífeyrissjóðsins og skal það m.a. felast í því að stjórn lífeyrissjóðs ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lífeyrissjóðalögin, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Þá skal stjórn sjóðsins einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Stjórnin setur sér starfsreglur og gerir tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins á ársfundi.

Í 2. mgr. eru talin upp veigamestu verkefnin sem stjórnin skal annast en ekki er þar um tæmandi upptalningu að ræða.

Stjórn lífeyrissjóðs annast m.a. eftirfarandi verkefni:

- a) að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun og ráðningarkjör hans eða þeirra samkvæmt sér stöku erindisbréfi,
- b) að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlits aðila,
- c) að móta fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins,
- d) að setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinning og ráðstöfun eigna sjóðsins,
- e) að ákveða hver skuli vera fulltrúi af hálfu lífeyrissjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrir tækis, nema lög kveði á um annað,
- f) að láta tryggingafræðilega athugun fara fram á fjárhag sjóðsins.

### 30. grein

Greinin fjallar um skyldu stjórnar lífeyrissjóðs að boða til ársfundar sjóðsins fyrir lok júní ár hvert. Á ársfundi verði gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum og fjárfestingarstefnu. Gert er ráð fyrir að stjórnin beri tillögur sínar um breytingar á samþykktum sjóðsins undir ársfundinn til samþykktar.

### 31. grein

Í þessari grein er kveðið á um hæfi stjórnarmanna í lífeyrissjóðum. Stjórnarmenn í lífeyrissjóði skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi eða í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahags-svæðisins. Um hæfi stjórnarmanns lífeyrissjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórn sýslulaga. Halda skal gerarbók um það sem gerist á fundum stjórnar. Allir stjórnarmenn sem mættir eru skulu undirrita fundargerðina.

### 32. grein

Í þessari grein er fjallað um þagnarskyldu þeirra sem starfa fyrir lífeyrissjóði með einum eða öðrum hætti. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðs eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara sam kvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

### 36. grein

Í 1. mgr. er gerð sú almenna krafa til stjórnar lífeyrissjóðs að hún ávaxti fé sjóðsins á þeim kjörum sem best eru í boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Síðan er í greininni talið upp í hvaða verðbréfum sjóðnum sé heimilt að fjárfesta að gættum almennum skilyrðum í ákvæðinu. Tilgangurinn er að stuðla að því að lífeyrissjóðir nái sem bestri ávöxtun á fé sjóðfélaga sinna og jafnframt að áhættunni sé dreift með eðlilegum hætti.

### 38. grein

Í 2. mgr. er lagt til að óheimilt verði að veita lán til þeirra sem tengjast sjóðnum með ákveðnum hætti nema þeir séu sjóðfélagar, þ.á.m. til stjórnarmanna. Ef svo væri yrði að meðhöndla lánsúmsóknir þeirra með sama hætti og annarra sjóðfélaga. Ákvæði þetta þykir nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur.

### 39. grein

Í þessari grein er að finna eitt veigamesta ákvæði lífeyrissjóðalaganna en í henni er kveðið á um það að eignir og skuldbindingar þurfi að standast á.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldur stjórnar lífeyrissjóðs til þess að standa við skuldbindingar sínar eins og þær eru metnar á hverjum tíma.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu stjórnar lífeyrissjóðs til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins ef meira en 10% munur verður á milli eigna og skuldbindinga. Hafi munurinn verið meiri en 5% í fimm ár verður stjórn sjóðsins þó að grípa til sams konar ráðstafana. Er þarna leitast við að gera greinarmun á tímabundnum sveiflum og viðvarandi ástandi með því að gera strangari kröfur í síðarnefnda tilvikinu.

Í 3. mgr. segir að stjórn lífeyrissjóðs sé skylt að fá álit tryggingafræðings áður en gerðar eru breytingar á samþykktum hlutaðeigandi sjóðs.

#### **40. grein**

1. og 2. mgr. fjallar um að stjórn lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og skýringar. Ennfremur er sú skylda sett á stjórnarmenn að semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóra hans. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

#### **41. grein**

Í þessari grein laganna er nánar fjallað um skýrslu stjórnar. Þar segir að þar skuli koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reiknings árinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Í skýrslu stjórnar skal ennfremur upplýst um eftirfarandi:

1. atburði eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu,
2. væntanlega þróun sjóðsins og
3. aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun hans.

Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda greiðandi sjóðfélaga á árinu, fjölda virkra sjóðfélaga, þ.e. sjóðfélaga sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum, fjölda lífeyrisþega, fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, stjórnar og annarra í þjónustu sjóðsins.

**Leiðbeinandi verklagsreglur Landssamtaka lífeyrissjóða**  
**um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóða, stjórnar hans og**  
**starfsmanna.**

**Gildissvið og markmið**

1. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Þær taka, eftir því sem við getur átt, til [nafn lífeyrissjóðs], stjórnarmanna og þeirra starfsmanna hans sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd verðbréfavíðskipta sjóðsins með einhverjum hætti, svo og fjölskyldna þeirra. Aðrir starfsmenn en ofangreindir eru undanþegnir ákvæðum 7. og 9. gr. reglnanna um tilkynningaskyldu og undirritun yfirlýsingar.

Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi [nafn lífeyrissjóðs] og jafnframt að draga úr hættu á að þeir sem þær taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

**Skilgreiningar**

2. gr.

Í reglum þessum merkir:

*Fjölskylda:*

Maka, sambúðaraðila eða samvistarmaka og ófjárráða börn.

*Trúnaðarupplýsingar:*

Upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði, þ.á m. starfsemi eða fyrirætlanir lífeyrissjóðsins, sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna ef opinber væru. Upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með opinberum og viðurkenndum hætti. Tilkynningar til kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan, sbr. lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

*Verðbréf:*

- a. Hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.
- b. b. Skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa skv. a-lið.

*Ákvæðin eru að hluta byggð á 2. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti.*

## Meðferð trúnaðarupplýsinga

### 3. gr.

Þeim sem þessar reglur taka til og sem búa yfir eða hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum er óheimilt að:

1. nýta sér upplýsingarnar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfa sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta,
2. láta þriðja aðila upplýsingarnar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli upplýsinganna að afla verðbréfa eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með verðbréfin.

*Ákvæðin eru byggð á IV. kafla. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti.*

## Markaðshegðun

### 4. gr.

Þeim sem þessar reglur taka til er óheimilt að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með verðbréf eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með tiltekin verðbréf eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í verðbréfavíðskiptum.

Jafnframt er þeim óheimilt að eiga víðskipti fyrir eigin reikning með því að nýta sé í eigin þágu víðskiptakjör sem [nafn lífeyrissjóðs] kann að njóta hjá þriðja aðila.

Ennfremur skulu þeir ekki eiga víðskipti með einstök verðbréf á sama tíma og lífeyrissjóðurinn eða sem lífeyrissjóðurinn hyggst eiga víðskipti með fyrir eigin reikning í nánustu framtíð þegar þeir hafa vitneskju um slík víðskipti vegna starfsins.

*Fyrsti málslíður greinarinnar er byggður á 30. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti.*

## Þagnarskylda

### 5. gr.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðs, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Þess ber ætíð að gæta að trúnaðarupplýsingum og upplýsingum sem þagnarskylda hvílir á sé ekki miðlað til fleiri aðila en brýna nauðsyn ber til í hverju tilviki. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, aðrir starfsmenn sem og endurskoðendur skulu hafa reglu á því hverjir hafi aðgang að trúnaðarupplýsingum og hvernig þeir miðla slíkum upplýsingum sín á milli. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

*Ákvæði þessi eru að hluta byggð á 32. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissjóðs og starfsemi lífeyrissjóða.*



## Hæfi

### 6. gr.

Stjórnarmaður eða starfsmaður [nafn lífeyrissjóðs] er vanhæfur til að eiga aðild að ákvörðun um verðbréfavíðskipti sjóðsins ef hann hefur hagsmuna að gæta, sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins eða gagnaðilans í víðskiptunum. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fjölskyldu hans, venslamönnum eða fyrirtæki, þar sem hann kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður.

Stjórnarmaður eða starfsmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans skal án tafar vekja athygli á þeim.

*Ákvæðin um vanhæfi eru byggð á stjórnsýslulögum. Í 31. gr.laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða segir að um hæfi stjórnarmanns lífeyrissjóðs fari eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga.*

## Tilkynningaskylda

### 7. gr.

Þeir starfsmenn sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd verðbréfavíðskipta sjóðsins með einhverjum hætti skulu að eigin frumkvæði tilkynna yfirmanni sínum eða staðgengli hans um öll víðskipti fyrir eigin reikning samdægurs, þegar það á við, og eigi síðar en við upphaf næsta vinnudags eftir að þau voru gerð. Tilkynna skal um víðskipti með afleiðusamninga bæði þegar þeir eru gerðir og við uppgjör.

Þeir starfsmenn sem sjá um fjárfestingar fyrir lífeyrissjóðinn skulu tilkynna um verðbréfaeign sína er þeir taka við starfinu.

Lífeyrissjóðurinn skal halda skrá um tilkynningarskyld verðbréfavíðskipti starfsmanna þar sem skráðar eru upplýsingar um verðbréfin, fjárhæð nafnverðs, kaupverð og tímasetningu kaupa.

## Rannsóknarskylda

### 8. gr.

Leiki vafi á því hvort fyrirhuguð víðskipti geti samrýmst ákvæðum þessara reglna eða önnur atvik séu með þeim hætti að ákvæði þessara reglna eigi við skulu þeir aðilar sem reglur þessar taka til leita álits framkvæmdastjóra eða formanns stjórnar [nafn lífeyrissjóðs], eftir því sem við á, sem sker úr um slík atriði áður en víðskipti eru framkvæmd eða önnur skref stigin sem gætu brotið gegn reglunum.

## Undirritun yfirlýsingar

9. gr.

Stjórnarmenn og starfsmenn [nafn lífeyrissjóðs] skulu undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér og maka sínum þessar reglur og skuldbindi sig til að hlíta þeim, sbr. fylgiskjal með þessum reglum

## Eftirlit

10. gr.

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri [nafn lífeyrissjóðs], skulu, eftir því við á, sjá um og bera ábyrgð á kynningu þessara reglna meðal núverandi og nýrra starfsmanna og að þeir staðfesti skriflega að þeir hafi kynnt sér þær. Einnig skulu ofangreindir aðilar sjá til þess að reglurnar séu almennt á vitorði stjórnarmanna og starfsmanna [nafn lífeyrissjóðsins] ásamt þeim sem reglurnar varða. Einnig ber ofangreindum að sjá til þess að reglurnar séu jafnan aðgengilegar fyrir þá sem undir þær heyra. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri [nafn lífeyrissjóðs] hafa eftirlit með að reglunum sé fylgt.

## Brot á reglum

11. gr.

Brot á reglum þessum skal tafarlaust tilkynna stjórn [nafn lífeyrissjóðs] sem, eftir eðli brots, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu.

## Viðurlög

12. gr.

Brot á reglunum geta varðað áminningu eða uppsögn aðila er brjóta gegn þeim ásamt því að eftir því sem við verður komið gangi viðskipti sem brjóta gegn reglunum til baka. Brot á ýmsum ákvæðum reglnanna geta falið í sér brot á lögum um verðbréfa- viðskipti og getur starfsmaður því sætt viðurlögum skv. þeim, sbr. 69. gr. laganna.

## Gildistaka

13. gr.

Reglur þessar taka gildi við undirritun stjórnar [nafn lífeyrissjóðs] og að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum.

## Yfirlýsing stjórnarmanns/starfsmanns

Ég undirrituð/aður hef kynnt mér og maka mínum efni reglna um verðbréfavíðskipti [nafn lífeyrissjóðs], stjórnar hans og starfsmanna, dagsettar \_\_\_\_\_, og heiti því að virða þær reglur í hvívetna.

[Staður], dags. \_\_\_\_\_

---

Vottar:

---

---